

Nd.

450. Nefndarátt

um frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkiasjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Af nefndarmönnum hafa 4 af 5 orðið sammála um að leggja til, að frv.

Þetta verði samþykkt óbreytt. Sá nefndarmanna (H. K.), sem ekki hefir viljað mæla með frv., mun gera grein fyrir sínu álit.

Eins og nú er á rikissjóðnr ekki nema tiltölulega litinn hluta kaupstaðarlandsins, og mun kaupstaðurinn hafa í huga að kaupa allt kaupstaðarlandið jafnóðum og færi gefst. Meiri hl. telur rjettmætt að styðja þessa viðleitni kaupstaðarins og eðlilegast, að eignarráðin sjeu á einni hendi. Nokkru af landinu hefir kaupstaðurinn þegar fest kaup á.

Í framsögu verður nánari grein gerð fyrir málinu.

Alþingi, 27. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskr.

Magnús Torfason.

Magnús Guðmundsson,
frsm.